

Fréttabréf 1. apríl. 2017

Ágætu félagsmenn

Það er stutt í að skemmtibátavertíðin hefjist að alvöru. Lyklaskipti verða nú í apríl og allir skuldlausir félagar eiga að vera búnir að skrá sig á vaktir áður en þeir fá lykla. Þetta verður kynnt frekar þegar nær dregur. Við minnum á félagafundinn miðvikudaginn 5. apríl sem hefst kl. 20:00 en þá er eina málið á dagskrá að að kjósa um kaup á bátalyftu sem hefur verið rækilega kynnt. Biðjum félagsmenn að vera málefnalegir á fundinum og eiga rök inni fyrir sínum staðhæfingum hvort sem þeir eru með eða á móti. Fundarstjóri verður Finnur Torfi. En hér er fréttabréf aprílmánaðar og stiklað á nokkrum málum sem viðkemur félaginu.

F.h. stjórnar,
formaður
Pétur Ó. Einarsson

Starfsmaður á dekki. Eins og áður hefur verið tilkynnt þá hefur félagið ráðið verktaka til að sinna skilgreindri þjónustu fyrir félagið. Félagsmenn gátu ekki verið heppnari en Örn Sævar Björnsson réðst til starfsins. Örn á ekki að þurfa að kynna nokkrum manni í Snarfara. Örn þekkir hvern krók og kíma í félaginu.

Verkefni hans er að sjá um sjósetningar og upptöku báta innan og utan félags og tilfærslu þeirra á svæði með traktor félagsins. Hann aðstoðar félagsmenn með aðgang að rafmagnskössum, afhendir skuldlausum félögum lykla/kort af svæðinu utan sérstakra lykladaga,

hann sér einnig um pöntum á rekstarvörum. Örn hefur umsjón með félagsheimili og þ.m.t. bryggjum og tekur að sér minniháttar viðhald eða kallar til þjónustu sé þess þörf. Aftast í þessu fréttablaði má sjá þá þjónustutíma sem samist hefur verið um (merkt rautt-og miðað við háflóð svona ef það dúkkar upp á kristilegum tíma) og mun Örn reyna að vera þá daga til taks. Ef Örn er ekki við þá mun einhver úr stjórn eða liðtækur sjálfboðaliði hlaupa í skarðið þessa rauðu daga.



Staðan á olíubryggjunni. Skeljungsmenn gáfu okkur vilyrði um að gert yrði við olíubryggjuna og hún yrði sett á sinn stað. Svo kom í ljós að svo yrði ekki þ.e. þeim þótti viðgerðarkostnaður of dýr og það borgaði sig að sinna þessari þjónustu. Stjórn Snarfara var þá þegar búin að gera ráðstafanir í að útvega sjálfir „olíubryggju“ og lét Skeljungsmenn vita. Nú er staðan sú að Skeljungur er að athuga með undanþágu vegna olíutanka á svæðinu sem eru orðnir 33 ára gamlir og löngu síðan komnir yfir tíma er okkur sagt. Gefi stjórnvöld grænt ljós sem Skeljungsmenn telja líklegt, en leyfið er framlengt eitt ár í senn, þá ætti olíusalan að fara fljótlega af stað. Hins vegar eru víst raddir innan fyrirtækisins að hætta þessu. Við vonum að þeir haldi áfram um sinn. Rekstur landgangs og bryggju verður þá á ábyrgð Snarfara. Félagsmenn verða látnir vita um framgang málsins um leið og fréttir berast. Þessu tengt skal það upplýst að gengið hefur verið frá kaupum á flotbryggjum sem hægt er að nota sem olíubryggju og önnur tilefni en þetta eru nokkrar einingar.

Samgöngustofa-nefnd. Aðalbreytingar sem verið er að reyna að keyra í gegn er að ICC skírteinið sé nægilegt fyrir öll siglingarvið en útbúnaður báts ráði hversu langt má sigla (takmarkað farsvið, strandsigling, úthaf). Þetta hefur víðtækar afleiðingar verði það samþykkt og léttir á ýmsum höftum. Fh. Snarfara er Guðbergur Birkisson og Pétur Ó. Einarsson (formaður) í nefndinni og hafi einhver áhuga á að fræðast meira eða ræða þetta frekar að snúa sér til okkar.

Fleyvangur og nýtt deiliskipulag. Reykjavíkurborg er búin að bóka fund þann 5 apríl til að ræða nýtt deiluskipulag á Fleyvangi, athafnasvæði Snarfara. Félagsmenn verða upplýstir í framhaldi um helstu atriði fundarins.

Félagsheimili. Þessa daganna er verið að gera við austurhlið félagsheimilis og þakskegg. Viðgerð ætti að vera lokið bráðlega. Keyptur var nýr ískápur í stað þess gamla sem lagði upp laupana.



Bryggjur

Gert var við rafmagn og vatn á B-bryggju en þar höfðu leiðslur kubbast í sundur, einnig hafði frosið í slöngu á A-bryggju sem skemmdist og var það lagað. Verið er að skoða rafmagn á C-bryggju. Eins er verið að athuga hvernig hægt er að ná halla af C-bryggjunni sem er hvítleitt. Verið er að ganga frá lausn við plötur í landgangi á A bryggju og líklegast þá einnig B og C –bryggju. Búið er að biðja um tilboð í útstoð eins og er á A-bryggju fyrir B og C bryggju og er það á leið í hús. Marel og Sigvald er sérstaklega þakkað sitt framlag í þessi verkefni.

Líklegt er að Borgarsögusafn fari fram á við félagið að **Viðeyjarbryggja** verði sett út nú í apríl sem er í fyrra fallinu. Er það vegna fuglalífs í eyinni. Eins er ráðgert að setja Hvammsvíkurbryggjuna út í lok apríl. Því má bæta við að rekstraraðilar í Hvammsvík hafa velt því upp við Snarfara upp hvort féalgið vilji gefa eftir samninginn en 5,5 ár standa eftir af honum. Það hefur þó ekki verið rætt af neinni alvöru.

Enn stækkar skútufloti Snarfara. Jónas Garðarsson, Snarfarafélagi, hefur óskað eftir bryggjuþlássi á A-bryggju, með löngum útleggjurum fyrir nýja skútu sína (smíðuð 2014) en gengið var frá kaupum á henni í lok mars. Það kostar aðeins meira að vera með bát við lengri útleggjarana en þá styttri, en eins og Jónas sagði við það tilefni „*ef maður kaupir nýjan Benz þá spyr maður ekki hvað hann eyðir*“. Skútan er Frönsk að Dufour gerð, 51 fet að lengd og fær undanþágu í Snarfarahöfn en hámarks lengd báta í Snarfarahöfn er leyfð 50 ft. Jónas sagði að valið hefði verið á milli Marex mótorbáts eða Dufour seglkútu en m.v. þróunina í bátafloata Snarfara, hækkandi olíuverðs, gæða og endursöluverðs hefði hann ákveðið að kaupa skútuna frekar. Jónas hefur nýlokið siglinganámskeiði erlendis og segir „að sigla skútu sé meira í ætt við flugustangveiði eða eiginlega listgrein meðan mótorbáta sigling sé meira eins og að vera votur í fætunum og veiða á maðk“. Við í stjórn Snarfara óskum Jónasi innilega til hamingju með nýju skútuna en þetta verður nú stærsta skútan í flotanum eða feti stærri en Esjan, skúta Guðbergs Birkissonar. Jónas sendi okkur mynd af herlegheitunum og má sjá hana hér fyrir neðan en verið var að taka hana upp úr höfninni í Zeilenopofrond nálægt Amsterdam, þegar myndin var tekin. Skútan heitir núna „La Belle Vive“ eða hið ljúfa líf en Jónas hefur ekki enn gefið henni íslenskt nafn. Stefnan, segir Jónas, er að sigla henni heim í júní eða júlí“. Við hlökkum til að taka á móti honum.



Jónas glaður með nýju skútuna



Minkur fór í gildu við A-bryggjuna fyrir skömmu og er það 3-minnkurinn sem er veiddur frá áramótum.

Vinnuskipulag (Örn)

2017															
MARCH									APRIL						
M	D	M	F	F	L	S			M	D	M	F	F	L	S
		1	2	3	4	5	3							1	2
6	7	8	9	10	11	12	6	3	4	5	6	7	8	9	
13	14	15	16	17	18	19	6	10	11	12	13	14	15	16	
20	21	22	23	24	25	26	6	17	18	19	20	21	22	23	
27	28	29	30	31			9	24	25	26	27	28	29	30	
							30								
MAY									JUNE						
M	D	M	F	F	L	S			M	D	M	F	F	L	S
1	2	3	4	5	6	7	12				1	2	3	4	
8	9	10	11	12	13	14	12	5	6	7	8	9	10	11	
15	16	17	18	19	20	21	12	12	13	14	15	16	17	18	
22	23	24	25	26	27	28	8	19	20	21	22	23	24	25	
29	30	31					8	26	27	28	29	30			
							52								
JULY									AUGUST						
M	D	M	F	F	L	S			M	D	M	F	F	L	S
					1	2	4		1	2	3	4	5	6	
3	4	5	6	7	8	9	8	7	8	9	10	11	12	13	
10	11	12	13	14	15	16	8	14	15	16	17	18	19	20	
17	18	19	20	21	22	23	8	21	22	23	24	25	26	27	
24	25	26	27	28	29	30	8	28	29	30	31				
31							36								
SEPTEMBER									OCTOBER						
M	D	M	F	F	L	S			M	D	M	F	F	L	S
				1	2	3	4							1	
4	5	6	7	8	9	10	8	2	3	4	5	6	7	8	
11	12	13	14	15	16	17	8	9	10	11	12	13	14	15	
18	19	20	21	22	23	24	8	16	17	18	19	20	21	22	
25	26	27	28	29	30		8	23	24	25	26	27	28	29	
							36	30	31						